

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 4	Dagsetning	5. febrúar 2019	Tími	12:00 – 13:00
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	JÁJ			
Fundarboð fengu	Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Margrét Hauksdóttir (MH), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Magnús Guðmundsson (MG), Ársæll Guðmundsson (ÁG), og Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ).			
Fjarverandi				
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 1. febrúar 2019

1. Fundargerð 22. janúar 2019

Fundargerð stjórnarfundar frá 22. janúar 2019 samþykkt.

2. Nýtt launakerfi; staða mála

JÁJ gerði almennt grein fyrir fundum sem hún hefur átt með forstöðumönnum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur ekki enn boðað sína forstöðumenn til fundar vegna grunnmats starfa.

Rætt var um starfsmenntunarsjóð, orlofs- og desemberuppbót, veikindarétt o.fl. Mikilvægt er að sértæk réttindi hjá ýmsum hópum haldist óbreytt á meðan forstöðumenn eru t.d. í námsorlofi. Einnig er mikilvægt að forstöðumenn haldi óbreyttum heildarlaunum á meðan þeir eru í námsorlofi.

Umræður urðu um hvort að hægt sé að mæla með því að fólk sæki um störf sem forstöðumenn? Hluti af stjórnendastefnunni er að halda í góða stjórnendur. Gildir það bara um þá forstöðumenn sem eru „hlýðnir“ eða „heppilegir“? Forstjóri Samgöngustofu fékk ekki rökstuðning fyrir ákvörðun samgönguráðherra um að auglýsa stöðu hans lausa nýverið. Stjórn FFR er sammála um að það sé eðlilegt að ráðherrar taki upp verklag í samræmi við ósamþykka stjórnendastefnu ríkisins.

Samþykkt að óska eftir fundi með fjármálaráðherra til að ræða um auglýsingar starfa forstöðumanna

3. Málþing FFR

Samþykkt að halda málþing FFR í mars 2019. Umræðuefni á málþinginu verði tvíþætt, þ.e. annars vegar kulnun í starfi og nýtt launakerfi og staða mála hins vegar.

4. Ýmis mál

Samþykkt að greiða allt að 10 tíma til lögmannsstofunnar Lex í tengslum við fjölmiðlaumfjöllun formanns stjórnar Matís í kjölfar uppsagnar forstjóra Matís 6. desember sl.